

Deildarnámskrá Kisudeildar

Aðlögun

Aðlögun fer þannig fram að börnin fara í stuttar heimsóknir yfir á næstu deild með starfsmanni og eftir því sem á líður lengjast heimsóknirnar.

Matur

- Börnin borða snyrtilega og sitja kyrr í sætum.
- Notað inniröddina.
- Sýna almenna kurteisi, segja: „má ég fá...“ „já, takk,“ „viltu rétta mér...“ og „takk fyrir mig.“
- Þau skammta sér sjálf á diskinn og rétta öðrum.
- Fjögurra ára börnin æfa sig í að nota bæði hnífapörin enn eldri börnin hafa meiri kunnáttu.
- Þau ganga frá eftir sig og ganga vel um.

HVÍLD

- Börnin liggja á dýnu og slaka á.
- Hlusta á sögu eða rólega tónlist í um það bil 15-20 mínútur.

Salerni

- Börnin bíða eftir að röðin komi að þeim.
- Þau þvo sér um hendurnar eftir klósettferð.
- Gangu snyrtilega um salernin.

Fataklefi

- Börnin klæða sig eftir veðri, fara rétt í skóna.
- Þau hneppa, smella og renna upp úlpu.
- Þau ganga frá fötum og ganga vel um fataklefa.
- Þau læra hjálpssemi og taka tillit til annarra.

Útivera og Salur

Börnin læra á umhverfi leikskólans inni sem úti og læra ýmsa inni- og útileiki. Í útiveru og sal læra þau ýmislegt eins og að skiptast á, leika saman, hreyfingu, ýmsa dansa og félagsleg samskipti.

- Börnin læra á sitt nánasta umhverfi utan og innan leikskólalóðar.
- Læra umferðarreglur og að halda hópinn í skipulögðum ferðum utan leikskólans.
- Börnin geta hlaupið með áherslu á létt skref, hlaupa aftur á bak eða til hliðar.
- Þau rekja og grípa bolta.
- Úthald eykst.
- Þau geta valhoppað, hoppað jafnfætis og á öðrum fæti, fram og til baka og til hliðar.
- Þau geta klifrað upp og niður rimla.
- Þau gera samhæfisæfingar (ein hönd klappar á höfuð, hin gerir hringi á magann).
- Þau geta gert jafnvægisæfingar: ganga eftir planku eða línu og standa á öðrum fæti.
- Í hópleikjum fara börnin eftir reglum, vinna saman og eiga góð samskipti.

Leikur er nám

Mikil áhersla er lögð á leikinn, þar sem hann er mikilvæg náms- og þroskaleið barnsins. Í leiknum læra börnin að fara vel með leikföngin og ganga frá þeim eftir sig.

- Börnin læra samkennd, deila með sér leikföngum og skiptast á.
- Þau fara eftir ákveðnum leikreglum.
- Þau skipuleggja leik sinn og halda einbeitingu í um 20 mínútur.
- Þau eru mikið í hlutverka-, og ímyndunarleik.
- Þau sýna samhyggð og væntumþykju.
- Þau klára verkefni sem hafið er.
- Þau læra að fólk er jafn ólíkt og það er margt, enginn er eins og allir geta verið með á sínum forsendum.
- Þau perla litlum perlum og þræða perlur á band.
- Þau halda rétt um skriffæri og skæri og geta klippt út eftir línu.
- Þau geta teiknað einfaldar persónur og litað inn í.
- Þau ráða við erfið púsl og spil,
- Þau skapa úr leir.

Myndsköpun

- Börnin þekkja alla litina og geta að blandað þá helstu.
- Þau skapa eftir eigin forsendum, geta skipulagt verkefni sitt og tjáð sig um það.
- Þau prófa nýjar aðferðir og ólíkan efnivið.
- Þau ná færni í góðu gripi um skriffæri.
- Þau ná að klippa út eigin teikningar.
- Þau læra frjálsa sköpun og bera virðingu fyrir verkum hvers annars.

Málproski (samverustund og hópastarf)

Börnin læra í daglegum samskiptum að efla íslenska málvitund. Þau læra ný orð, hugtök og þróa tungumálið. Einnig fá þau málörvun á skipulögðum tímum eins og í gæðastundum. Börnin læra að túlka og tjá sig á fjölbreyttan hátt í leikskólalastarfinu, meðal annars í gegnum leik, hreyfingu, myndmál, tónlist, tungumál og tákni.

Í Samverustundum velja börnin að ganga í hin ýmsu hlutverk eins og matarþjónar, söngstjóri, vatnsberi og fleira. Lögð er áhersla á að byggja upp jákvæða sjálfsmynd allra barna þannig að þau geti sýnt styrkleika sinn og þekkingu.

Samverustund

Í samverustundum eru börnin saman í stórum hóp, þau sitja kyrr í sætum sínum og taka þátt.

- Í umræðum rétta börnin upp hönd og biðja um orðið.
- Þau bíða eftir að röðin komi að þeim.
- Þau tala og tjá sig fyrir framan hópinn.
- Þau læra að hlusta.
- Þau nota tákni með tali.
- Þau læra flóknari og lengri lög og syngja með.
- Fara í orðaleiki (ríma og klappa atkvæði) og fara eftir leikreglum.
- Þau skilja flókin fyrirmælin með mörgum skilaboðum.
- Þau hlusta á lengri sögur og framhaldssögur.
- Þau eru farin að hljóðgreina og hljóðtengja orð.
- Þau setja orð saman og taka í sundur og þekkja margræð orð.
- Þau geta kynnt sig með nafni og sagt frá fjölskyldu sinni.
- Þau þekkja afmælisdaginn sinn, aldur og heimilisfang.
- Þau geta lýst tilfinningum sínum.
- Þau geta tjáð sig um fortíð og framtíð.

Hópastarf

Í hópastarfi fara börnin með sínum hóp í skipulagt leikumhverfi, þar sem þau vinna saman í litlum hópum.

- Hópurinn setur sér reglur og fer eftir þeim.
- Börnin öðlast gott úthald og einbeitingu í verkefnum.
- Þau þekkja dýrin, vikudaga, mánuði, árstíðir og helstu hátíðir í árinu.
- Þau þekkja flesta líkamshluta.
- Þau þekkja stafina í nafninu sínu og myndast við að skrifa það.
- Þau kunna talnaröð upp í 20-50 og talnaskilningur þeirra er komin að 10
- Þau geta flokkað eftir stærð
- Þau geta nefnt um það bil sex form
- Þau þekkja afstöðu- (ofan, framan, milli...) og stærðfræðihugtök (lengd, þyngd...)
- Þau þekkja og kunna að spila teningaspil
- Þau fara eftir fyrirmælum kennarans.
- Þau læra um sjálfa sig og umhverfið sitt.
- Þau kynnast heimamenningu annarra þar sem þau eru í fjölmennningarleikskóla.

Annað

- Í gegnum allt starfið læra börnin tákni með tali.
- Þau læra að bera virðingu fyrir ólíkri menningu fólks.
- Þau læra að við erum jafn ólík og við erum mörg.
- Börnin læra að þau hafi val en það er hinn fullorðni sem setur reglur.